



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við afhendingu  
Íslensku þýðingaverðlaunanna  
að Gljúfrasteini  
15. febrúar 2020**

Ágætu þýðendur,  
fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,  
kæru gestir!

Ég þakka þann heiður að sitja þennan hátíðarviðburð með ykkur, þakka tónlistarflutning Gísla Gunnars Didriksens og hlakka til að afhenda hér Íslensku þýðingarverðlaunin. Auðvitað fer vel á því að gera það á Gljúfrasteini, heimili Halldórs og Auðar Laxness. Halldór var jú dugmikill þýðandi og fær, og verkum hans hefur verið snarað yfir á fjölmargar tungur.

Þegar maður les rit Nóbelskáldsins fer stundum ekki hjá því að þessari hugsun skjóti upp: Er hægt að koma þessum orðum til skila á öðru tungumáli, þessum andblæ, þessum nið aldanna? Glatast ekki snilldin? Verður ekki aðeins eftir daufur endurómur?

Góðir þýðendur: Yrði mér stillt upp við vegg og skipað að nefna uppáhaldskafla úr ævistarfi skáldsins, sem sat þennan stað, myndi ég stynja upp þessu hér, lokaorðunum í Gerplu:

Velkominn skáld, segir konúngur; eða heyrða eg rétt áður, að þú hefðir ort um mig kvæði?

Satt er það herra, segir þessi maður, eg hef ort kvæði mjög dýrt þeim garki er bestur er orðinn á Norðurlöndum, og yður, hans konúngi. Þetta kvæði keypta eg við sælu minni og sól, og dætrum mínum, túngli og stjörnu; og við fríðleik sjálfs mín og heilsu, hendi og fæti, hári og tönn; og

loks við ástkonu minni sjálfri er byggir undirdjúpin og geymir fjöreggs míns.

Styttu nú stundir konungi þínum, skáld, segir Ólafur Haraldsson, og flyt hér gerplu þína undir hörginum í nótt.

Skáldið svarar og nokkuð dræmt: Nú kem eg eigi leingur fyrir mig því kvæði, segir hann, og stendur upp seinlega, og haltrar á brott við lurk sinn, og er horfinn bak hörginum.

Þá var túngl geingið undir og felur nóttin dal og hól að Stiklarstöðum, og svo hinn síðfrjóva hegg.

Já, kæru vinir. Staður og stund stendur okkur lifandi fyrir hugskotssjónum – á íslensku. Og nú vitum við auðvitað að um víða veröld má finna fólk sem dái höfund þessara orða og annarra. Það skilur þó ekki stafkrók á íslensku en stendur í þakkarskuld við þýðendur.

Finum okkur líka annan sjónarhól. Stöldrúm við á Bessastöðum, ekki vegna þess að ég kem þaðan í krafti míns embættis, heldur vegna þess að þar var öldum saman þýðingarsetur. Snorri fékk innblástur úr latínuritum sínum þegar hann hófst handa við skrif á eigin máli. Öldum síðar sat Sveinbjörn Egilsson á Bessastöðum og sneri Hómerskviðum á okkar tungu. Fléttast þar saman forngrísk snilld og íslensk. Í hellinum, sem Odysseifi var haldið föngrum, höfðust sauðir einnig við. Þeir voru „ullarmiklir, fríðir og föngrulegir, þeir voru mórauðir,“ segir Sveinbjörn og er ekki trúlegast að hann hafi séð fyrir sér væna íslenska sauði þegar hann festi þá þýðingu á blað? Svo kom „hin árrisula, rósfingraða morgungyðja“ í ljós. Í Grikklandi og víðar við Miðjarðarhaf var það svo í fornöld og er enn um okkar daga að nokkru fyrir sólarupprás renna ljósráuðar rákir um himinhvolfið. Þær teygja sig líkt og fingur og því lýsti Hómer en frá Bessastöðum má líka sjá loftið roðna þegar sól skríður yfir Móskaðshnúka, Vífilfell og Bláfjöll. Sveinbjörn skildi vel hvað Hómer hafði meint miklu fyrr, og allt annars staðar, og kom því til skila á svo fögru máli að lofa verður þá jafnt, þýðandann og skáldið.

Síðar þýddi Bessastaðabóndinn Grímur Thomsen verk Byrons lávarðar, Goethes og annarra skáldjöfra. Enn síðar bjó Theodóra Thoroddsen þar syðra og setti saman þulur sínar, rammíslenskar en um leið alþjóðlegar í lýsingum á striti kvenna í þúsund ár:

Mitt var starfið hér í heim  
heita og kalda daga  
að skeina krakka og kember þeim  
og keppast við að staga.

Þennan íslenska veruleika, saminn á Bessastöðum, má lesa þýddan í riti Daisy Neijmann um íslenskar bókmenntir þannig að enskumælandi fólk skilur hvar sem er og hvenær sem er:

In this world the task was mine  
on days both hot and cold  
to wipe kids' bottoms and comb their hair  
and toil to darn the holes.

Góðir áheyrendur: Fyrir nokkru sagði Ástráður Eysteinnsson, margvitur í þýðingarfræðum, að „það virðist þvælast fyrir okkur að þýdd verk eiga sér tvo höfunda, en öðrum þeirra virðist ætlað að halda sig til hlés“. Nei! segjum við hér háum rómi. Heiður þeim sem heiður ber.

Árið 2020 falla Íslensku þýðingarverðlaunin í hlut Jóns Stefáns Kristjánssonar. Þá vegtyllu fær Jón fyrir þýðingu sína á riti Roy Jacobsen, Hin ósýnilegu, sem Mál og menning gaf út. Ég þakka dómnefnd hennar störf og flyt hér rök fyrir þessari ánægjulegu niðurstöðu:

Norski rithöfundurinn Roy Jacobsen var gestur Bókmenntahátíðar síðastliðið vor en þá kom út á íslensku skáldsagan Hin ósýnilegu sem höfundurinn sendi frá sér árið 2013. Hin ósýnilegu er fyrsta bókin í þrileik Jacobsens um Ingrid frá Barrey og sú fyrsta sem kemur út hér á landi. Önnur bókin, Hvítt haf, er væntanleg í íslenskri þýðingu nú í febrúar. Roy Jacobsen hefur tvisvar verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Í skáldsögunni segir frá lífi og tilveru fimm manna fjölskyldu sem býr á lítilli eyju við vesturströnd Norður-Noregs á fyrri hluta 20. aldar. Við kynnumst sögupersónum við daglega iðju og átökum þeirra við óblíða náttúru. Eyjan er heimur út af fyrir sig – í senn grimmur, kuldalegur, fagur og heillandi – sem höfundur lýsir af mikilli alúð. Gestir ber að garði og heimamenn róa í land og heimurinn utan eyjunnar lætur íbúa hennar aldrei alveg í friði, enda geta þeir ekki heldur án hans verið.

Stíll Jacobsens er ljóðrænn, tær og stundum kímiblandinn og verk hans hefur hlotið verðskuldaða athygli. Skáldsagan var tilnefnd til Man Booker-verðlaunanna árið 2017. Blær skáldsögunnar kemst einkar vel til skila í fallettri og vandaðri þýðingu Jóns St. Kristjánssonar. Þýðingin er áreynslulaus og fágúð, og ber jafnframt merki um frábært vald þýðandans á íslensku máli.

Góðir gestir! Ég óska handhafa Íslensku þýðingarverðlaunanna árið 2020 hjartanlega til hamingju og býð honum að taka til máls.